

| Stúdentaráðsfundur    |                      |             |            |
|-----------------------|----------------------|-------------|------------|
| Dags. fundar          | Tími                 | Staður      | Nr. fundar |
| 21.07.21              | 17:00                | Odda-201    | 2          |
| Fundarboðandi         | Fundarritari         | Dags. rituð |            |
| Isabel Alejandra Diaz | Hjördís Sveinsdóttir | 21.07.21    |            |

Fundaraðilar mættir

**Félagsvísindasvið:**

*Erna Lea Bergsteinsdóttir fyrir Röskvu*

*Erna Sóley Ásgrímsdóttir fyrir Stefán Kára Ottósson fyrir Röskvu*

*Ellen Geirsdóttir Haakansson fyrir Vöku*

**Heilbrigðisvísindasvið:**

*Ingunn Rós Kristjánsdóttir fyrir Röskvu*

*Máni fyrir Margréti Jóhannesdóttur fyrir Röskvu*

**Hugvísindasvið:**

*Jóna Gréta Hilmarsdóttir fyrir Röskvu*

*Anna María Björnsdóttir fyrir Röskvu*

*Lilja Reykdal fyrir Sigurð Karl Pétursson fyrir Röskvu*

**Menntavísindasvið:**

*Rósa Halldórsdóttir fyrir Röskvu*

*Rannveig Klara Guðmundsdóttir fyrir Röskvu*

*Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu*

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið:**

*Ingvar Þóroddsson fyrir Röskvu*

*Inga Huld Ármann fyrir Röskvu*

**Aðrir (án atkvæðisréttar):**

*Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ*

*Hjördís Sveinsdóttir, framkvæmdastýra SHÍ*

*Jessý Rún Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ*

*Alma Ágústsdóttir, alþjóðafulltrúi SHÍ*

*Vífill Harðarson, lánasjóðsfulltrúi*

*Rakel Ósk Reynisdóttir*

*Sunneva Líf Albertsdóttir*

*Sindri Freyr*

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

*Rebekka Karlsdóttir fyrir Röskvu*

*Kjartan Ragnarsson fyrir Röskvu*

Heilbrigðisvísindasvið:

*Kristján Guðmundsson fyrir Röskvu*

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

*Helena Gylfadóttur fyrir Röskvu*

1. Fundur settur 17:00

*Meeting begins*

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:05-17:20

*Announcements and issues ahead*

4. Kynning á Kennsluakademíu og Spretti 17:20-18:05

*Presentation on the Teaching Academy and Sprettur*

5. Tillaga um viðbrögð Stúdentaráðs vegna þjónustu næturstrætó (atkvæðagreiðsla)

*18:05-18:20*

*Proposal regarding Næturstrætó (night bus services)*

6. Hlé 18:20-18:30

*Intermission*

7. Verklagsreglur Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 18:30-18:40

*Code of practice of the Student Council*

8. Skipan fulltrúa stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta (atkvæðagreiðsla)

*18:40-18:50*

*Appointment of student representatives to the board of the Icelandic Student Services*

## 9. Önnur mál 18:50-19:00

*Other issues*

## 10. Bókfærð mál

*Recorded issues*

## 1. Fundur settur 17:00

*Meeting begins*

- a. kl. 17:05

## 2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

- a. Fundargerð má finna í fundargögnum.
- b. Fundargerð samþykkt einróma.

## 3. Tilkygningar og mál á döfnni 17:05-17:20

*Announcements and issues ahead*

- a. **Ráðningar á skrifstofu Stúdentaráðs:** Nýr framkvæmdastjóri sem er Vaka Lind Birkisdóttir. Nanna Hermannsdóttir var ráðin verkefnastjóri og er að skrifa núna skýrslu um húsnæðismál.
- b. **Félagsstofnun stúdenta:** Forseti og framkvæmdastjóri FS hittu framkvæmdastjóra Krónunnar til að ræða það að fá Krónuna á Eggertsgötu 24. Áform FS að stækka þetta rými, líklega tvöfalda. Ásta framkvæmdastjóri Krónunnar fékk teikningar af Eggertsgötunni.
- c. **Vatnsmýrahópur og Hjólum í háskólann:** Stúdentaráð efnir til átaks með Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands í haust. Það er hluti af stærra átaki með svokallaða Vatnsmýrahópnum, sem samanstendur af viðeigandi hagaðilum Vatnsmýrarsvæðis t.d. Landspítala, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Umhverfisstofnun, Strætó, Félagstofnun stúdenta og Vegagerðinni. Forseti fer yfir planið og hver ber ábyrgð á hverju verkefni. SHÍ og HÍ eru að skoða kjör hjá rafskútuleigum eins og Hopp.
- d. **Skipan í Stúdentasjóð:** Stjórn Stúdentasjóðs verður skv. lögum sjóðsins að vera fullskipuð fyrir 15. september. Stjórn samanstendur af 5 fulltrúum allra 5 fræðasviðanna, sem sviðsráðin tilnefna, og tveimur fulltrúum sem eru tilnefndir af fylkingunum. Lög Stúdentasjóðs eru í endurskoðun hjá lagabreytingarnefnd og verða lögð fyrir ráðið á ágúst fundi.

- e. **Fjárhagsáætlun:** Framkvæmdastýra útskýrir stöðu fjárhagsáætlunar og hvenær útlit er fyrir að hún komi á borð Stúdentaráðs. Kemur á ágúst- eða septemberfundi.
  - f. **Októberfest + nýnemadagar:** Októberfest mun að öllum líkindum fara fram 2.-4. september, en ennþá er verið að ganga frá samningum og leyfi fyrir malarsvæðið. Nýnemadagar fara fram 30. ágúst - 3. september og mun Stúdentaráð sjá um að manna þjónustuborðið og halda utan um skoðunarferðir á svæðinu fyrir nemendur. Samstarfsaðilar hafa forkaupsrétt á kostun Októberfest. Munum setja upp skráningarskjal fyrir upplýsingaborðið fljótlega. Þriðjudagurinn er grænn nýnemadagur - grænfáninn verður afhentur þann dag og svo förum við saman að gróðursetja tré. Þurfum að sammælast um stað fyrir það. Á miðvikudeginum verður Háskólansinn. Á fimmtudeginum verður tónlistaratriði á háskólasvæðinu. Á föstudeginum verður aftur tónlistaratriði, líklega, en svo er fótboltamótið og mínútuleikar.
  - g. **Starfshópur vegna alþingiskosninga:** Fyrsti fundur fór fram 13. júlí og sá næstu var 19. júlí. Fyrsti fundur fór í að kjarna það sem við viljum segja. Annar fundurinn var meira vinnufundur. Mun verða kynnt fyrir Stúdentaráði í ágúst.
  - h. **Hagsmunaskrá Stúdentaráðs:** Samkvæmt lögum Stúdentaráðs hafa allir meðlimir Stúdentaráðs upplýsingaskyldu gagnvart ráðinu og stúdentum vegna starfa sinna inn félags- og stjórnmalastarfs. Skráin er þannig samansafn af upplýsingum um starfsemi fulltrúana til að auka gagnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Isabel gaf til 6. júlí til að fylla í hana.
  - i. **Handbók Stúdentaráðs 2021-2022:** Tól allra meðlima Stúdentaráðs sem skal hafa innan handar. Isabel minnir á hana, þar eru öll praktísk atriði fyrir Stúdentaráð. Minnir einnig á að samþykkja Teams boð, og ef ekki að boða varafulltrúa. Ef varafulltrúi kemst ekki, þá þarf að tilkynna það líka.
  - j. **Stjórn Stúdentaráðs:** Sagt frá síðustu fundum stjórnar og því sem þar fór fram.
    - i. Nokkrir aukafundir verið vegna ráðninga á skrifstofuna.
  - k. **Stúdentaráðsfundir:** Isabel boðar fundi í raunheimum, ef fólk er veikt þá á það að taka sér frí og láta sér batna. Reyna að færa í pre-covid format.
  - l. **Opnunartímar skrifstofunnar:** lokað 2-6. ágúst.
4. Kynning á Kennsluakademíu og Spretti 17:20-18:05

*Presentation on the Teaching Academy and Sprettur*

- a. Rakel Ósk Reynisdóttir verkefnastjóri Kennsluakademíunnar fyrir Háskóla Íslands kynnir fyrir ráðinu hlutverk og markmið akademíunnar. Rakel starfar einnig sem

- fjölmeningarfulltrúi og verkefnastjóri Sprettis, sem hún mun einnig kynna fyrir ráðinu ásamt ásamt Sunnevu Líf Albertsdóttur, sumarstarfsmanni Sprettis.
- b. Undirrituð bendir á upptöku fyrir nánari kynningu og umræður.
  - c. Rakel fer yfir Sprett.
  - d. Sprettur er nýlegt verkefni í HÍ með markmið að fá fleiri nemendur með innflytjenda- eða flóttamannabakgrunn. Nemendur koma flestir úr fjölskyldum með foreldra án háskólamenntunar.
  - e. Alþjóðafulltrúi SHÍ er í reglulegu sambandi við verkefnastjóra Sprettis og sendir út auglýsingar um mentorstarfið til háskólanema. Eru með 30 framhaldsskólanema og 15 mentora. Mentorar eru sjálfboðaliðar en fá skirteinisviðauka og 15.000 kr gjafainneign í Bóksölu stúdenta. Þetta átti að vera áfangi en vegna þess að Rakel er að hætta þá var hann settur á ís. Eru að leita að sjálfboðaliðum, en vantar enn sirka 10 sjálfboðaliða. Þurfa að auglýsa aftur eftir mentorum í ágúst.
  - f. Að lokinni kynningu verður mælendaskrá opnuð fyrir spurningar og umræður.
  - g. JGH spyr hvernig nemendur sækja um. Rakel svarar að þau hafi farið í skóla, talað við félagsráðgjafa, ná til flóttafólks og fleira.
  - h. IRK spyr um umsóknarferli mentora. Rakel segir að það er rafrænt umsóknareyðublað og þau reyna að meta hver passar við hvern.
  - i. Vífill spyr um mánaðarlega viðburði, hvort það séu fjárstyrkir til mentora til að sinna hópunum. Eru krakkarnir að greiða sjálf fyrir? Rakel segir að hún hafi haft samband við stofnanir og þau hafa oft gefið ókeypis. Krakkarnir þurfi ekki að borga neitt. Mentorarnir líka.
  - j. Vífill spyr hvort það sé verkefnastjóri sem sér um að fá þessa dila? Rakel svarar játandi, verkefnastjóri sér um að skipuleggja alla sameiginlega dagskrá.
  - k. Rakel segir að það gekk vel í fyrra, en það var covid og gátu ekki farið á svona viðburði eins og nýnemadaga og þessháttar.
  - l. Það voru áskoranir varðandi mætingu, en þá var sett á mætingarskylda og það gekk mjög vel.
  - m. IHÁ spyr hvort að nemendur muni halda áfram á milli ára? Rakel segir að þau voru bara fyrsta árs nemar í fyrra en ef fólk hættir koma bara aðrir inn. Þetta eru fjögur ár, menntaskólinn og fyrsta árið í háskóla.
  - n. Undirrituð spyr um fylgni á milli þess að nemendur taki þátt í verkefninu og að þau skili sér í háskólanám og hvort að þau hafi verið í sambandi við Student Refugees? Sprettur er nýfarið af stað þannig þau eru ekki komin upp í háskóla. Hefur sent Student Refugees tölvupóst.

- o. Rakel kynnir Kennsluakademíuna.
- p. Markmið að stuðla að kennsluþróun. Kennsluakademían er stofnuð að norrænni fyrirmynd. Þetta er samstarf opinberu háskólanna.
- q. Framúrskarandi háskólakennarar sem vilja vera með eru í kennsluakademíunni en þurfa að vera í 50% starfi eða meira. Kennarar fá 50.000 kr launahækkun á mánuði út starfsævina samkvæmt núverandi verðlagi. Rakel heldur að það sé ekki hægt að henda neinum út.
- r. ELB spyr hvort að það sé bara sama hvað þú gerir, þá verður þú í Kennsluakademíunni að eilífu? Rakel svarar já.
- s. ÍP spyr hvort séu einhverjar verklagsreglur eða strúktúr? Rakel segir að Kennsluakademían sé ekki stofnuð, en þau sem fá inngöngu munu fá það verkefni að setja svoleiðis upp.
- t. IHÁ segir þetta hafa komið upp á fyrsta fundar þeirra og þau voru öll sammála um að þeim fyndist þetta smávegis galli að þú getir ekki verið fjarlægður úr Kennsluakademíunni ef eitthvað kemur upp á. Spurning hvort það dragi úr trúverðugleika Kennsluakademíunnar ef það eru lélegir kennarar þar inni.
- u. IRK segir lágt svarhlutfall í kennslukönnunum. Hvaða krítéríur eru fyrir Kennsluakademíuna? Rakel svarar að það eru fjögur viðmið. Þau skrifa ítarlega umsögn sem starfestir og sannar að þau séu framúrskarandi kennarar.
- v. ÍP spyr hvort þetta sé í fyrsta sinn sem þetta er gert? Rakel svarar játandi.
- w. Rakel segir að núna séu þau í umsóknarferli en umsóknarfresturinn er runninn út. Þau munu fá svar 20. september og þá verður þetta stofnað. Fengu 20 umsækjendur frá HÍ og þau ætluðu að taka 2 af hverju sviði. 1 umsókn af MVS, 2 af HUG, 6 af VON, 1 af HVS og 5 af FVS. Þrír sérfræðingar úr skandínávískum háskólum og tveir verkefnastjórar úr HÍ og HA meta umsóknirnar og taka viðtöl.
- x. Gerir ráð fyrir samstarfi með Stúdentaráði varðandi umsóknarferlið.
- y. IRK veltir fyrir sér aðkomu Stúdentaráðs og hvort hún sé yfir höfuð möguleg.
- z. Isabel segir að þetta er á borði kennslumálanefndar, en þau eiga eftir að funda með henni til að ræða betur aðkomu ráðsins, það þarf að skoða margt og bera undir viðeigandi aðila t.d. lögfræðinga háskólans og jafnréttisfulltrúa. Það sem vinnur með okkur er að fulltrúar í kennslumálanefnd eru í sviðsráðunum, þannig þau munu hafa innsýn inn í þetta.
- aa. Rakel segir að það sé sterkur leikur að vera með nemendafulltrúa en það er ekki komið í ljós hvernig.

## 5. Tillaga um viðbrögð Stúdentaráðs vegna þjónustu næturstrætó (atkvæðagreiðsla)

18:05-18:20

*Proposal regarding Næturstrætó (night bus services)*

a.

*Stúdentaráðsfundur**21. júlí 2021***TILLAGA****um að Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs bregðist við yfirlýsingu framkvæmdastjóra Strætó bs. að leggja niður næturstrætó**

Lagt er til að Stúdentaráð HÍ samþykki að fela Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs að bregðast við [ummælum](#) framkvæmdastjóra Strætó bs. um að næturstrætó verði ekki endurvakinn eftir heimsfaraldur COVID-19.

**Rökstuðningur**

4. júlí síðastliðin bárust fréttir þar sem haft var eftir framkvæmdastjóra Strætó bs. að næturstrætó myndi ekki halda göngu sinni áfram eftir hlé vegna COVID-19 en undirritaðir telja að næturstrætó sé stórt hagsmunamál fyrir stúdenta þar sem þau tilheyra þeim samfélagshópi sem reiðir sig hvað mest á almenningssamgöngur. Í ljósi þess að skemmtanalífið er hafið á ný og vegna aukinnar umræðu í samfélaginu um hertari reglur rafhlaupahjólaleiga, er mikilvægt að næturstrætó standi stúdentum til boða svo þau komist örugg leiða sinna á næturna á sem hagkvæmastan hátt.

Einnig skýtur það gríðarlega skökku við að á [fundi](#) stjórnar Strætó bs. þann 11. júní 2021 fór fram [kynning á markaðssókn strætó eftir COVID-19](#) og segir þar orðrétt “Forðast þjónustuskerðingar á næstu misserum”. Með því að leggja niður næturstrætó er Strætó bs. þar af leiðandi að fara gegn eigin ráðleggingum um hvernig eigi að sækja aftur í fyrrum notendur.

Því er hér lagt til að umhverfis- og samgöngunefnd beiti sér fyrir því að næturstrætó haldi göngu sinn áfram. Nefndin skal taka málið til skoðunnar, móta viðbrögð og ályktun sem beina skal að Strætó bs. í samráði við skrifstofu Stúdentaráðs.

*Sindri Freyr Ásgeirsson**Forseti Umhverfis- og Samgöngunefndar SHÍ**Ingvar Þóroddsson**Oddviti Röskvu í Stúdentaráði*

- b. Máni spyr hvort að Strætó hafi haft rök fyrir að halda þessu ekki áfram. Sindri svarar of lítil notkun. Spurning hvernig það er talið. Íþ segir t.d.

næturstreátómiða ekki vera góðan mælikvarða á notkun þar sem margir notendur eru með kort.

- c. Lilja bætir við að þetta hafi verið lítið auglýst.
- d. ELB spyr hvort þetta eru margar ferðir, hversu oft. Sindri segir að þetta hafi verið 8 leiðir sem fóru á klukkutíma fresti eftir miðnætti. Öðruvísi kerfi en á daginn. ELB segir að það mætti vera partur af þessu, að leiðirnar séu ekki skýrar. Sindri segir þessa ákvörðun ekki hafa komið fram í fundargerð Strætó. Rökin sem þau bera sig fyrir er of lítil notkun en hann veit að þetta er líka fjárhagsleg ákvörðun.
- e. IRK segir að það hafi verið umræða um að þetta hafi ekki verið nógu mikið auglýst, og þess vegna lítið notað. Stúdentaráð gæti boðist til að auglýsa þetta.
- f. IHÁ segir að ef maður sendir inn fyrirspurn á Strætó þá sé svarið að þetta sé ekki að koma aftur.
- g. Isabel segir að það að þau segi “beiti sér fyrir því að næturstreátó haldi göngu sinni áfram” þá sé það t.d. hjálp við að auglýsa.
- h. ES spyr hvernig er talið inn í Strætó. Sindri segir að það sé nýbúið að breyta. Annað hvort eru taldir seldir miðar eða inngöngu inn í Strætó. Strætó er að einfalda sölufarlið sitt. Klappið sem er víðsvegar í Evrópu.
- i. Atkvæðagreiðsla. 13 samþykkt. 0 sitja hjá. 0 eru á móti.
- j. Tillagan er einróma samþykkt.

#### 6. Hlé 18:20-18:30

##### *Intermission*

- a. Hlé tekið kl. 18:25-18:35.

#### 7. Verklagsreglur Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 18:30-18:40

##### *Code of practice of the Student Council*

- a. Breytingar á verklagsreglum um skipan fulltrúa stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta bornar upp til samþykktar. Þær má finna í fundargögnum ( kafli 4.2.) og heimilt er að koma með athugasemdir fyrir fund eða á fundinum sjálfum.
- b. Engar athugasemdir.
- c. Verklagsreglur samþykktar einróma með 13 atkvæðum.

*Erlingur Sigvaldason yfirgefur fundinn kl. 18:51*



## 8. Skipan fulltrúa stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta (atkvæðagreiðsla)

18:40-18:50

*Appointment of student representatives to the board of the Icelandic Student Services*

- a. Ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs lögð fyrir ráðið til staðfestingar skv. 7. gr. laga Stúdentaráðs. Tilnefningar eru í fundargögnum og eru með öllu trúnaðargögn.
- b. Isabel ber upp þá tillögu um að loka dagskrárlíð fyrir almennum stúdentum, þ.e. bara opið fyrir Stúdentaráði. Atkvæðagreiðsla. Einróma samþykkt að loka dagskrárlíð.
- c. Skipan fulltrúa stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta samþykktar.

## 9. Önnur mál 18:50-19:00

*Other issues*

- a. Stúdentaráð hvatt til að koma með önnur mál, helst fyrir fund svo hægt sé að virða tímann og fundinn, en velkomið að gera svo á fundinum sjálfum.
- b. IHÁ veltir fyrir sér vísindaferðum í Stúdentaráð. Nemendafélög flest farin að bóka vísindaferðir. Ef við bíðum of lengi getur þetta verið of seint. Isabel segir að planið er að færa þetta undir bókfærð mál næsta fundar. Jessý svarar að vissulega sé þetta að koma inn seint en við höfum gert þetta áður. Isabel segir þetta fleiri vísindaferðir, hvert svið með sína vísindaferð. ELB segir kannski betra að hafa þetta sem mál, frekar en bókfært mál. En hún er að spá hvort sé of mikið að hafa 5 vísó í Stúdentaráð. Isabel segir að þetta yrði dreift. ELB spyr hvort það sé yfir önnina og Isabel svarar yfir árið. ELB segir áhuga meiri í byrjun árs. Jessý segir það segist ekki hafa áhyggjur af því. IHÁ segir að þegar hún var í nemendaráði hafði þetta verið smá samkeppni og það var rosalegur ruglingur. Þarf að ræða þetta tímanlega. Umræða fyrir Þrennu. Jessý segir það annars eðlis, en með SHÍ eru þetta góðar ábendingar. Umræður um framkvæmd vísindaferðanna. Samstarf SHÍ, sviðanna og fél- og menn. Isabel segir markmiðið að ná til fleiri stúdenta.

## 10. Bókfærð mál

*Recorded issues*

- a. Fyrir ráðið verða lögð bókfærð mál. Samkvæmt d-lið 11. gr. laga Stúdentaráðs:  
*Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef "bókfærð mál" eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrúa stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin mótframboð berast o.sv.frv. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur víðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð*

*mál skulu þeir gera grein fyrir því ekki síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt.*

- a. Myndataka Stúdentaráðs
- b. Nýr fulltrúi í sviðsráði Hugvísindasviðs
- c. Nýr fulltrúi í alþjóðanefnd

11. Fundi slitið kl. 19:09